

Þriðjudaginn 17. mars 1987.

Nr. 136/1987. **Sigurður Guðmundsson**
(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Sigvarði Haraldssyni
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Lausafjárkaup. Útivist áfrýjanda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1986. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við þingfestingu málsins í héraði féll niður þingsókn af hálfu áfrýjanda. Kveður hann það hafa verið vegna mistaka. Við málflutning fyrir Hæstarétti taldi hann að áhvílandi þungaskattur á bifreiðinni hefði verið gerður upp í söluverði hennar og vísaði um það til afsals sem lagt var fram í héraði. Þá mótmælti hann því að hafa tekist á hendur ábyrgð á að bæta ramma um annað framljós bifreiðarinnar, ef hann yrði ekki bættur með váttryggingarfé.

Stefndi krefst þess að málið verði dæmt svo sem það lá fyrir héraðsdómara. Vísar hann um það til 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á gild forföll og þykir því ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 og koma því kröfur hans og málsástæður eigi til álita í Hæstarétti.

Ekki þykja fullnægjandi gögn hafa legið fyrir héraðsdómara til að dæma áfrýjanda til greiðslu bóta vegna áðurnefnds ljósaramma. Ber því að sýkna hann af þessum kröfulið. Í afsali fyrir bifreiðinni segir, að á henni hvíli engar veðskuldir. Jafnframt er tekið fram, að „dieselskattur“ hafi verið gerður upp milli aðilja. Þungaskatturinn hvíldi á bifreiðinni sem lögveð samkvæmt 10. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar. Með því að ekki var skýrlega frá uppgjöri skattsins gengið er kaupin gerðust, þykir áfrýjandi eiga að

bera hallann af þessum vafa í málinu. Stefndi hefur viðurkennt að hafa tekið að sér greiðslu á 15.000,00 krónum af þungaskattsskuldinni, 39.104,00 krónum sem stefnt var fyrir, og þykir því bera að dæma áfrýjanda til að greiða 24.104,00 krónur með vöxtum og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sigurður Guðmundsson, greiði stefnda, Sigvarði Haraldssyni, 24.104,00 krónur með 22% ársvöxtum frá 6. september 1985 til 2. janúar 1986, en dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags ásamt 30.000,00 krónum í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 2. janúar 1986 af Sigvarði Haraldssyni, nnr. 8096-9929, Borgarsandi 4, Hellu gegn Sigurði Guðmundssyni, Tunguseli 5, Reykjavík, nnr. 7860-5057, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 31.104,00, með 22% ársvöxtum af kr. 7.000,00 frá 1. ágúst 1985 til 1. september 1985, en með 22% ársvöxtum af kr. 31.106,00 frá þeim degi til stefnubirtingardags, en þá með dómvöxtum til greiðsludags. Til vara er gerð dómkrafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra lægri upphæð með sömu vöxtum og um getur í aðalkröfu. Málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ er krafist í báðum kröfuliðum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera tilkomna með þeim hætti að stefnandi hafi keypt bifreiðina R-1470 af gerðinni Toyota Crown, árgerð 1981 af stefnda þann 5. júlí 1985. Bifreiðin sé með dísilmotor og hafi verið um það samið milli aðila að stefnandi tæki að sér greiðslu á þungaskatti (dísilskatti) að upphæð kr. 15.000,00. Hins vegar hafi komið í ljós að eftirstöðvar þungaskattsins hafi verið miklu hærri eða kr. 39.106,00. Stefnandi kveðst hvað eftir annað hafa haft samband símleiðis við stefnda og beðið hann að standa við sinn hluta af samningnum og greiða umræddan mismun, kr. 24.106,00, en stefndi hafi þverskallast við þessum tilmælum og hafi látið sig engu skipta ofangreint samkomulag. Stefnandi kveður stefnda enn ekki hafa fengist til að greiða umræddan þungaskatt sem hafi hvílt á bifreiðinni áður en kaupin áttu sér stað þrátt fyrir innheimtubréf lögmanns stefnanda og sé því málsókn þessi nauðsynleg. Stefnandi kveður kröfu um kr. 7.000,00

vera vegna ramma utan um vinstra framljós á sömu bifreið. Stefndi hafi tekið ábyrgð á því eins og fram komi í afsali að það tjón sem væri framan á bifreiðinni yrði greitt, ef ekki af tryggingafélagi þá af honum sjálfum persónulega. Þegar til hafi átt að taka hafi tryggingafélagið, Samvinnu-tryggingar, neitað að greiða umræddan framljósaramma, þar sem tryggingafélagið hafi talið nefndan ramma ekki tilheyra því tjóni sem var framan á bifreiðinni (sic). Stefndandi kveður stefnda ekki heldur hafa orðið við tilmælum sínum um að greiða umræddan hlut og sé honum því nauðsynlegt að fá dóm fyrir þessari kröfu einnig.

Varðandi lagarök vísar stefndandi til meginreglna samningaréttarins og grunnreglna kröfuréttarins.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því að krafa um dómvexti er ekki tekin til greina sbr. 2. málsgrein 1. gr. laga nr. 56/1979.

Málskostnaður ákveðst kr. 7.600,00.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði stefnanda, Sigvarði Haralds-syni, kr. 31.104,00 ásamt 22% ársvöxtum af kr. 7.000,00 frá 1. ágúst 1985 til 1. september 1985, en með 22% ársvöxtum af kr. 31.106,00 frá þeim degi til 2. janúar 1986, en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.